

Stjórnarfundur ÆSKP 19. desember 2016

Neskirkju við Hagatorg

Mættir: *Katrín Helga Ágústsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Þórunn Harðardóttir, Sigurður Óskar Óskarsson og Bryndís Valbjarnardóttir. Jónína Sif Eyþórsdóttir, framkvæmdastjóri ÆSKP, sat einnig fundinn*

Fundur settur kl. 10:00

1 Landsmót

Tókst í heildina vel. Könnunin sýndi mikla ánægju með staðsetningu. Á Akureyri er allt við hendina. Matarmál hefðu mátt vera betri því þátttakendur leituðu frekar á skyndibitastaði í bænum. Sem er verr þegar mikill kostnaður er lagður í matinn. Skyndiákvörðun tekin um að fara með krakkana niður í bæinn laugardeginum. Leiðtogum fannst það erfitt en voru sáttir eftir á. Óánægja hjá leiðtogum að hafa ekki vitað af helgistundinni í Akureyrarkirkju. Losarabragur á ballinu olli því að smala þurfti þátttakendum frá ýmsum stöðum á helgistundina, úr skólanum og af ballinu. Kemur í kjölfar þess að þátttakendum var ekki haldið inn á ballinu með dyragæslu og fóru því út þegar þeir vildu. Sjoppumál þarf að endurskoða, sérstaklega þegar mótið er haldið í stóru bæjarfélagi. Miðað við að við fáum 450.000 króna styrk til að koma fræðslunni á rafrænt form þá var tapið á landsmóti í ár 400.000 krónur.

1.1 Rútur á Landsmót

Stjórnin þarf að huga að nýju fyrirkomulagi í rútumálunum. Ef eitthvað kemur upp á á leiðinni þá þarf ÆSKP að vinna í því máli. Tillaga að hver kirkja eða hver sókn skipuleggi sín rútumál sjálf. Taka upp jöfnunarsjóð þegar kemur að rútuunum. Hugmynd kviknaði út frá rútuatviki á leiðinni á landsmótið í ár.

Stjórnin samþykkir að fyrir Landsmót 2017 verði rútukostnaður ekki inni í mótsgjaldi Landsmót og mun skipuleggja kynningu á aðalfundi. Guðmundur og Jónína ætla að taka að sér að koma með tillögur að jöfnunarsjóðskerfi.

1.2 Næsta landsmót

Haldið á Selfossi 27.- 29. október 2017. Búið að hafa samband við Selfoss. Stjórnin ræðir landsmótsstjóramálin. Hvort er betra að hafa hann í heimabyggð eða í bænum? Er nóg að hafa heimamann í landsmótsnefnd? Stjórn vill hafa vanann landsmótsstjóra og góðan tengilið á staðnum sem hefur góð sambönd. Umræða um næturvaktir á landsmóti. Hugmynd að auglýsa eftir fólki á næturvakti sem tekur í raun ekki þátt í dagskrá heldur kemur t.d. úr því bæjarfélagi sem mótið er haldið í og sinnir næturvaktinni og færi síðan aftur heim eða gæti lagt sig í ró og næði.

Framkvæmdarstjóri um byrja að skipuleggja landsmót á Austfjörðum árið 2018 nú á vordögum vegna styrkjamála. Það þarf að velja endanlegan stað (Reyðarfjörður eða Egilsstaðir), semja við bæjarfélagið, gera samning við tæknimenn, athuga matarmál, kanna hver leigir borð og stóla og útvega gistingu fyrir hópinn. Athuga að hafa mótið viku fyrir árið 2018.

2 Aðalfundur

Dagsetning rædd og ákveðin 1. mars 2017. Búið að bóka Neskirkju frá kl. 16:00 – 21:00. Boða þarf fundinn þremur vikum fyrir fundinn.

3 Önnur mál

1. Senda jólakort á þá aðila sem styrktu landsmótið á Akureyri. Framkvæmdastjóri tekur það verkefni að sér.
2. Hetjudinner fyrir sjálfboðaliða. Kristján ætlar að matreiða kalkúnn að vanda. Finna dagsetningu í samráði við Kristján.
3. Siðbótarafmæli. Arna Grétarsdóttir sendi stjórninni tölvupóst um þátttöku ÆSKP í verkefninu. Jónína ætlar að hafa samband við Örnú og fá frekari upplýsingar um hver þátttaka ÆSKP yrði að málinu.
4. Gaypride 12. ágúst. Stjórn þarf að byrja að skipuleggja gaypride sem fyrst. Framkvæmdarstjóri getur ekki verið með á Gaypride viðburðinum. Athuga hvort að Hjalti Jón sé til í að stýra aðkomu ÆSKP að Gleðigöngu 2017. Minna á viðburðinn á Aðalfundi ÆSKP.
5. Guðmundur Karl ætlar ekki að gefa kost á sér áfram sem gjaldkeri. Þórunn óskar eftir því að hætta sem ritari.

Fundi slitið kl. 11:55. Fundargerð ritar Þórunn Harðardóttir

Gullkorn fundarins var í boði Guðmundar Karls Einarssonar
“Skerið lagturtur upp á rönd”